

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 372/1995.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Einvarði Hallvarðssyni og

Gunnari Ársæli Ársælssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Tollagabrot. Lyfjainnflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákærvalds með stefnu 3. nóvember 1995. Vísa ákærðu til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Þeir krefjast þess, að þeim verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærðu verði þýngd og að þeir verði dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

I.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að þeir hafi keypt lyf þau, sem ákæra tekur til, í Barcelona og Benidorm á Spáni. Hafi þau verið keypt í lyfjabúðum, og í öllum tilvikum hafi lyfin verið afgreidd, án þess að þurft hafi að framvísa lyfseðli. Ástæðuna fyrir þessum kaupum sögðu þeir vera þá, að þeir hefðu ætlað að leggja stund á lyftingar, og væri lyfjunum ætlað að létta þeim erfiðið. Þeir viðurkenndu þó báðir fyrir lögreglu, að til greina hefði komið að selja hluta lyfjanna hér á landi.

Þau lyf, sem hér um ræðir, eru þrenns konar. Langstærstur hluti þeirra er efedrínn, en af því voru teknar í farangri ákærða Einvarðs við komu til landsins 2.388 töflur. Auk þess er um að ræða 158 töflur af tamoxífeni og 212 lykjur af karlkynshormónalyfjum (sterum) með svonefndri anabólískri verkun.

II.

Nokkurra gagna var aflað við meðferð málsins í héraði um eiginleika umræddra lyfja og áhrif þeirra. Við meðferð þess fyrir Hæstarétti hafa aðilar aflað enn frekari gagna um þessi atriði.

Í skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands er efedríni lýst sem örvandi efni, sem telja meg, að hafi væga amfetamín-líka verkun, en teljist þó ekki til ávana- eða fíknilyfja í venjulegum skilningi. Í bréfum Lyfjaeftirlits ríkisins til ríkissaksóknara kemur meðal annars fram, að efedrín teljist lyf hér á landi, og eigi það við án tillits til þess, í hvaða formi það sé. Það sé til dæmis notað við asma og ofnæmi, en notkun þess sé nú orðin lítil, þar eð ný og betri lyf hafi komið í staðinn. Lyfið auki „vinnugetu hjartans“, og við það hækki blóðþrýstingur. Það örvi jafnframt öndun, og meðal annars af þessum ástæðum sé lyfið misnotað af íþróttamönnum og öðrum. Þá hafi það örvandi áhrif á miðtaugakerfið. Efedrín sé lyfseðilsskylt samkvæmt reglugerð nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Sú undantekning sé þar frá, að heimilt sé að selja það án lyfseðils í lyfjabúðum, sé því blandað í hóstasaft innan tiltekins styrkleika.

Lyfinu tamoxífeni er í nefndri skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði lýst svo, að það vinni gegn kvenkynshormóninu östrógen. Sé það einkum notað við alvarlegu brjóstkrabbameini í konum. Þá mun það samkvæmt gögnum málsins hamla gegn tilteknum áhrifum, sem notkun anabólískra stera hefur á líkamann. Lyfið er lyfseðilsskylt.

Um karlkynshormónalyf þau, sem ákæra tekur til, segir í sömu skýrslu, að auk þess að verka sem hreinir karlkynshormónar hafi þessi lyf einnig verkun á vöðvafyllu og auki hana (anabólísk verkun). Samkvæmt gögnum málsins getur misnotkun slíkra efna haft alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlegt sem andlegt heilsufar manna.

III.

Í málsvörn ákærðu hefur einkum verið til þess vísað, að þeir hafi eignast umrædd efni með fullkomlega lögmætum hætti erlendis. Þá hefur verið bent á, að sums staðar erlendis, til dæmis víða í Bandaríkjunum, sé efedrín selt í verslunum og öllum aðgengilegt.

Innflutningur allra þeirra lyfja, sem um ræðir, er bannaður hér á

landi, nema sérstakt leyfi komi til, sbr. 5. mgr. 51. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, enda er sala þeirra bundin við framvísun lyfseðils, svo sem áður getur.

Í reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 251/1992, sbr. reglugerð nr. 409/1993 um breyting á henni, er að finna undanþágu frá þeirri meginreglu, að innflutningur lyfja sé háður leyfi. Samkvæmt undanþágunni er farmanni eða ferðamanni heimilt að hafa með í farangri sínum til landsins lyf, sem svari til eigin nota í 100 daga. Þrengri heimild en hér um ræðir gildir þó meðal annars um lyf með anabólískri verkun. Af þeim er óheimilt að hafa til landsins meira en svarar til 30 daga notkunar ferðamanns eða farmanns. Geta tollverðir krafist þess, að viðkomandi færi fullnægjandi sönnur á, að honum sé nauðsyn að taka ofangreind lyf í því magni, sem áður greinir, til dæmis með vottorði læknis. Því skilyrði er ekki fullnægt, að því er ákærðu varðar, auk þess sem magn hinna innfluttu lyfja fór mjög fram úr þeim mörkum, sem reglugerðin setur.

Brot ákærðu eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi. Þeir hafa ekki áður gerst sekir um brot, sem áhrif hafa á ákvörðun refsingar nú. Þegar til þessa er litið svo og til magns hinna einstöku lyfja, eiginleika þeirra og þess, að ferðamönnum og farmönnum er heimilt að koma með þau til landsins í takmörkuðum mæli, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð 120.000 krónur hjá hvorum. Skal 30 daga varðhald koma í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögu.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað verða staðfest. Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ákærðu gengust við broti sínu þegar hinn 13. ágúst 1994, og lauk lögreglurannsókn í september á sama ári. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 12. september 1995. Engin viðhlítandi skýring hefur verið gefin á þeim drætti, sem varð á rekstri málsins á því tímasteiði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Einvarður Hallvarðsson og Gunnar Ársæll Ársæls-son, skulu hvor um sig greiða 120.000 króna sekt í ríkissjóð

innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærðu skulu greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 6. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-898/1995: Ákærvaldið gegn Einvarði Hallvarðssyni og Gunnari Ársæli Ársælssyni, en málið var dómtekið 28. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 12. september 1995, á hendur „Einvarði Hallvarðssyni, Nýlendugötu 19, Reykjavík, kennitala 270462–4649, og Gunnari Ársæli Ársælssyni, Skarðsbraut 15, Akranesi, kennitala 120273–4269, fyrir ólögmætan innflutning lyfja með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 13. ágúst 1994 í félagi smyglað hingað til lands frá Spáni um 2388 töflum (844,8 g) með efedríni, samtals 158 töflum með tamoxífeni og eftirgreindum 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum með anabólískri verkun: 90 l ml (250 mg) með testósteróni, 39 l ml (100 mg) með metenólóni og 74 l ml (50 mg) með nандрólóni, sem ákærðu keyptu í Barcelona, og fundust lyfin í farangri ákærða Einvarðs við tollleit hjá ákærðu eftir komu þeirra til landsins í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr., tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. tl. 3. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl. nr. 251/1992, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 409/1993 og 5. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upptöku á framangreindum lyfjum samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga“.

Ákærðu hafa viðurkennt brot sitt. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu þeirra, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan, en þar eru brot þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærðu hafa játað innflutning á verulegu magni lyfja, sem hættuleg geta verið heilsu manna, séu þau misnotuð, og stóðu þeir saman að broti þessu.

Refsing ákærða Einvarðs Hallvarðssonar, sem áður hefur sætt refsingu fyrir brot á hegningarlögum, umferðarlögum, þar af þrem sinnum fyrir ölvunarakstur og lögum um fíkniefni, þykir hæfilega ákveðin varðhald í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og hann falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Gunnars Ársæls Ársælssonar, sem áður hefur tveim sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur og einu sinni fyrir að aka án réttinda, þykir hæfilega ákveðin varðhald í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og hann falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku á 2388 töflum af efedríni, 158 töflum með tamoxífeni og 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum, sem fundust við tollleit á Keflavíkurflugvelli 13. ágúst 1994.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Einvarður Hallvarðsson sæti varðhaldi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldsvistinni og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Gunnar Ársæll Ársælsson sæti varðhaldi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldsvistinni og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku á 2388 töflum af efedríni, 158 töflum með tamoxífeni og 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum, sem fundust við tollleit á Keflavíkurflugvelli 13. ágúst 1994.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar óskipt, þar með talda þóknun verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 35.000 krónur.